



Skólanámskrá Lágafellsskóla 2011-2012

2. bekkur

Efnisyfirlit

Kennsluaðferðir.....	2
Íslenska	3
Stærðfræði.....	6
Samfélagsfræði	8
Náttúrufræði.....	12
Kristin fræði og trúarbragðafræði	13
Lífsleikni	14
Dans og hreyfing.....	16
Heimilisfræði	17
Hönnun og smíði.....	18
Myndmennt.....	19
Textíl.....	20
Skólaþróttir	21
Skólasund.....	22

Kennsluaðferðir

Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Skipulag námsins skal miðast við getu hvers og eins og leitast skal við að vinna með skapandi verkefni sem vekja áhuga á viðfangsefninu. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum Aðalnámskrár og skólanámskrár.

Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda. Leggja skal áherslu á að virkja leik- og sköpunargleði nemenda. Flestar samanburðarrannsóknir sem gerðar hafa verið á árangri kennsluaðferða benda til þess að engin ein aðferð sé árangursríkari en önnur heldur gildi að kennari notfæri sem fjölbreytilegastar aðferðir, aðferðir sem hverju sinni henta verkefnum og markmiðum.

Við leggjum áherslu á heildstæð verkefni þar sem námsgreinar eru samþættar. Samþætting á námsgreinum byggist á því að láta viðfangsefnið ráða ferðinni um inntak án hliðsjónar af því hvernig sú þekking flokkast sem við er fengist. Námsbækur og önnur námsgögn eru nauðsynleg hjálpargögn við nám og kennslu en eru ekki látin stjórna uppsetningu námsferilsins. Þegar samþættingu er beitt er auðvelt að koma fyrir fjölbreytilegum kennsluaðferðum s.s. hópvinnu, samvinnu, umræðum og spurningum, þrautalausnum, verklegum æfingum, einstaklingsvinnu, þjálfunaræfingum, hlutverkaleikjum, aðferðum sem reyna á sköpun og túlkun og aðferðum sem þjálfa ýmsa færni og leikni.

Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám þar sem tekið er tillit til þroska og getu nemenda. Kennarinn kappkostar að koma með sveigjanlegum hætti til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. **Við leggjum áherslu á list- og verkgreinar** þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín ásamt því að þjálfa og æfa verklagni, útsjónarsemi, sjálfstæði og ólík vinnubrögð.

Íslenska

Kennslutími


Þrjár kennslustundir á viku. Einnig er kennd íslenska daglega í kjarna.

Markmið

Lestur

Að nemandi

- örvist til lestrar með fjölbreyttum verkefnum við hæfi
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- auki orðaforða sinn og efli málskilning með fjölbreytilegum verkefnum við hæfi
- vinni með eigin frásagnir og sögur til að hann örvist til lestrar
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér bækur og annað lesefni, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- kynnist skólasafni með verkefnavinnu
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur
- efli lesskilning sinn með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- auki lestrarhraða sinn með því að vinna fjölbreytt verkefni
- taki sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort hann geti átt í lestrarerfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið



Talað mál og framsögn

Að nemandi

- þjálfist í að bera fram öll íslensk máhljóð
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- tjái sig munnlega í leikjum
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- þjálfist í að endursegja og/eða lesa sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga
- fái tækifæri til að undirbúa stuttar frásagnir
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim
- sé hvattur til að tala skýrt og áheyrilega
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng, m.a. söngva sem tengjast ólíkum árstíðum

Hlustun og áhorf

Að nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. á hljóð- eða myndbandi
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim

- skoði myndir og segi frá efni þeirra
- horfi á leikþætti og söngatriði ýmist á sviði eða af myndbandi
- geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- hlusti á upplestur ljóða með sterkri hrynjandi

Ritun

Að nemandi

- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- lýsi hlutum og athöfnum og skrái sjálfur eða með aðstoð
- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- skrái sjálfur eða með aðstoð verkefni sem hann hefur unnið í öðrum greinum, t.d. í náttúrufræði og samfélagsgreinum
- fái fjölbreytt tækifæri til að skrifa á þann hátt sem hann er fær um
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda sig í ritun

Bókmenntir

Að nemandi

- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum, m.a. úr heimabyggð
- læri vísur og ljóð utanbókar til söngs
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- fái tækifæri til að lesa frásagnir sem myndefni fylgir, t.d. myndskreyttar goðsögur, þjóðsögur og skopsögur
- fái tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og rím
- kynnist gamansögum og átti sig á kímni

Málfræði

Að nemandi

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og málsgrein
- fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum

Námsgögn

Ýmsar lestrarbækur valdar af kennara og að eigin vali nemenda, bækur af Fræðasetri og að heiman, Greppikló, lestrarbækur með vinnubókum, ýmsar sögur og ljóð, eigin texti nemenda, Sín ögnin af hverju, Sitt af hverju 1, Ritrún 1, Ás - vinnubók í ritun, Skrift 2, forskrift og ljósrituð verkefni frá kennara.

Námsmat

Fylgst með lestri nemenda. Hraðlestrarpróf eru tvisvar sinnum á vetri. Sérkennslu-nemendur og nemendur sem eru í eftirliti í lestri eru prófaðir reglulega. Námsmat byggist einnig á stöðugu eftirliti með vinnu og virkni nemenda í tíma. Auk þess er lestrarskimunarkönnunin Læsi lögð fyrir tvisvar á vetri.


Heimanám

Lesið er heima daglega.

Stærðfræði

Kennslutími

Þrjár kennslustundir á viku. Einnig er kennd stærðfræði í kjarna.



Markmið

Stærðfræði og tungumál

Að nemandi

- noti orðin eins og samlagning, frádráttur, mynstur
- lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta
- noti mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna

Lausnir verkefna og þrauta

Að nemandi

- leysi þrautir sem beita þarf útreikningum
- búi til eigin þrautir með verkefnum sem tengjast skólastarfinu eða viðfangsefnum daglegs lífs
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir

Röksamhengi og röksemdafærslur

Að nemandi

- fari í leiki og spil, sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- finni út með spurningum hverju er lýst

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Að nemandi

- vinni með peninga/kennslupeninga, flokki eftir tegund myntar og telji saman ákveðna upphæð
- ræði um tímatal, m.a. um vikur, mánuði og ár, klukkustundir og mínútur
- læri að lesa af klukku og
- mæli með stöðluðum einingum, s.s. sentíkubbum, og beri saman við mælingar með reglustiku eða málbandi (cm, dm, m)

Að nemandi

- áætli fjölda hluta, telji með aðstoð talnagrindar eða sætisgildiskubba og sannreyni ágiskun sína
- raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum, t.d. oddatölur, tugtölur, tölur sem enda á 5 o.fl.
- vinni með talnalínu til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu tugakerfisins

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Að nemandi

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn

- noti talnalínu, hundraðataflan til að skoða eðli reikniáðgerða og kanna innbyrðis tengsl þeirra (hvað gerist þegar lagt er saman, dregið frá)
- skoði hvernig margföldunartöflur mynda talnamynstur út frá endurtekinni samlagningu
- kynnist deilingu bæði sem skiptingu og endurteknum frádrætti
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning

Mynstur og algebra

Að nemandi

- skoði og myndi talnamynstur

Rúmfræði

Að nemandi

- skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi
- búi til flatarmyndir úr tvívíðum formum
- kanni rúmmál vökva með því að hella á milli íláta og beri saman við upplýsingar um magn á umbúðum
- vinni með speglun

Tölfræði og líkindafræði

Að nemandi

- geri töflur og einföld súlurit um áhugamál sín eða annað sem tengist daglegu lífi
- taki þátt í umræðum og fáist við útreikninga út frá þeim upplýsingum sem er að finna í súluritunum

Námsgögn

Sproti 1 og 2a kláraðar frá fyrra ári. Sproti 2B nemendabók og æfingabók, Viltu reyna, Í undirdjúpunum samlagning og ýmis önnur verkefni.

Námsmat

Námsmat byggist á stöðugu eftirliti með vinnu og virkni nemenda í tíma. Staða nemenda könnuð með jöfnu millibili og tvær stærri kannanir lagðar fyrir á vetri.

Samfélagsfræði

Kennslutími

Þrjár kennslustundir á viku. Námsefnið er kennt í tímabilum (þemaverkefni).



Samfélagið okkar, nánasta umhverfi (samþætt verkefni)

Markmið

Að nemendur

- kynnist skólahúsinu og fái nokkra innsýn í skólastarfið
- geri sér ljóst hvað felst í hugtakinu grunnskóli
- búi til einfalt kort af nánasta umhverfi sínu
- kanni kunna staði í nánasta umhverfi á korti og myndum og geti rætt um fjarlægðir með hugtökum
- fari eftir leiðbeiningum þar sem notuð eru hugtök eins og áfram, aftur á bak, upp, niður, vinstri og hægri
- þekki höfuðáttirnar fjórar og þjálfist að rata eftir þeim t.d. í ratleik á skólalóðinni
- geti leitað eftir upplýsingum og leiðbeiningum til að rata um umhverfi sitt (vegvísar, munnleg fyrirmæli)
- noti röddina til að túlka hljóð í umhverfinu
- geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum
- kynnist dæmi af því hvernig fólk hefur breytt umhverfi sínu með því t.d. að grafa skurði, byggja hús og rækta land
- átti sig á landfræðilegum áhrifum á mótun samfélags
- kanni hvernig lega landsins og hafið umhverfis það hefur áhrif á búsetu, samskipti og samgöngur við önnur lönd
- átti sig á að hver og einn getur lagt sitt að mörkum til að vernda umhverfið sitt
- þekki helstu listaverk t.d. í skólanum eða nánasta umhverfi hans
- teikni tvívíða yfirlitsmynd af umhverfisskipulagi (s.s götu, hverfi)

Námsgögn

Komdu og skoðaðu umhverfið, kort, vettvangsferðir, ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Fjölskyldan, heimilið og samskipti (samþætt verkefni)

Markmið

Að nemendur

- fái tækifæri til að lifa sig inn í atburði eða umhverfi með því að búa til veruleika í samvinnu við aðra (söguvið bær, sveit)
- verði meðvitaðri um mikilvægi þess að gæta að sér í umferðinni
- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi, þjóðfélagi og að því fylgir ábyrgð
- þekki hlutverk einstaklinga í fjölskyldu
- athugi og ræði ábyrgð beggja kynja í fjölskyldum
- átti sig á hlutverki fjölskyldunnar í samfélagi manna

- þekki til mismunandi fjölskyldugerða í samfélaginn
- geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi
- temji sér umburðalyndi í samskiptum við aðra með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli, hjálpsemi o.fl.
- skilji að flest heimili eru hluti þéttbýlis sem er mismunandi að stærð og lögun (þorp, bæir, borgir)
- kynnist mun á dreifbýli og þéttbýli
- fjalli og fáist við þrívíð form
- skipuleggi einfalt umhverfi og geri af því þrívítt líkan
- geti bent á slysgildrur í umhverfinu, á heimilum og þekki varasöm efni sem þar kunna að vera geymd
- geri sér grein fyrir að barn verður til vegna samruna efna frá báðum foreldrum
- skoði útlitseinkenni og velti fyrir sér hvaða einkenni hafa erfst frá föður og hver frá móður

Námsgögn

Fjölskyldan og heimilið, Aðgát í umferðinni, umræða, ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Land og þjóð (samþætt verkefni)

Markmið

Að nemendur

- kynnist vinnubrögðum við matargerð fyrir og nú
- þæfi ullarkempu og/eða ullarefni
- skoði íslenska ull og þau áhöld sem notuð hafa verið við vinnslu ullar
- fræðist um nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flutt hingað
- átti sig á mikilvægi samskipta Íslands við útlönd, bæði efnahagslega og menningarlega
- geri sér grein fyrir að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir, venjur og trúarbrögð í heiminum
- kynnist margbreytileika mannlífs og geri sér ljóst að til eru margar þjóðir og kynþættir í heiminum
- þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum
- kynnist Íslendingasögum og verði kunnugur nokkrum persónum í þeim
- átti sig á því að hefð er fyrir því að láta stefnu í norður snúa upp á landakortum
- þekki mun á virkum og óvirkum eldstöðvum
- skoði og fjalli um áhrif mannsins á jarðefni t.d. byggingar, vegavinnu og námugróft
- geri veðurathuganir yfir ákveðið tímabil og kanni hitastig, ofankomu og styrkleika vinds

Námsgögn

Komdu og skoðu Land og þjóð, vettvangsferðir, ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Jörðin, tíminn (samþætt verkefni)

Markmið

Að nemendur

- skilji tímahugtök tengd árstíðum og gangi himintungla svo sem sólarhring, skammdegi og jafndægur
- þjálfist í að segja frá atburðum í tímaröð
- geti tengt dægra- og árstíðarskipti við hreyfingu sólar og jarðar
- fái yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn
- átti sig á að í einu ári eru 12 mánuðir, að í einum mánuði eru 28-31 dagur og að í einum sólarhring eru 24 klukkustundir
- kynnist áttáheitum og læri að þekkja áttir á hnattlíkani auk þess að kynnast hugtökum eins og miðbaugur, norður- og suðurpóll

Námsgögn

Komdu og skoðuðu umhverfið, ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Námsmat

Símat á vinnu og virkni nemenda. Gefin verður umsögn að vori.

Ég og tilfinningar (samþætt verkefni)

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð hugsanir skoðanir, tilfinningar og væntingar
- læri leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér
 - færni í samvinnu
 - að sýna tillitsemi
 - að bera virðingu fyrir sjálfum sé og öðrum
 - að setja sig í spor annarra
 - að hlusta á aðra og sýna kurteisi

Námsgögn

Vinnuheftið Vöxtur minn og þroski, Ég sjálf/-ur, veggspjöldin Góðir siðir og Eigið öryggi, ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Þjóðsögur og ævintýri (samþætt verkefni)

Markmið

Að nemendur

- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og/eða sögulegar byggingar í nágrenni skólans
- tileinki sér sögur eða frásagnir tengdar heimabyggð
- hafi fengið kynningu á ýmsum tegundum bókmennta, s.s þjóðsögum, ævintýrum og ljóðum
- taki þátt í leikrænum ævintýrum og leikjum sem tengjast viðfangsefninu
- horfi á leikþætti og söngatriði ýmist af sviði eða af myndbandi
- fái tækifæri til að undirbúa stuttar frásagnir
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- lifi sig inn í ímynduð hlutverk og aðstæður með því að vera annar eða annað en hann sjálfur
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögum úr heimabyggð
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- fái tækifæri til að lesa frásagnir sem myndefni fylgir
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- læri vísur og ljóð utanbókar til söngs
- taki þátt í leikrænni tjáningu bókmenntatexta
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- kanni mismuninn á ímyndun og veruleika
- taki þátt í sýningum fyrir foreldra og gesti
- átti sig á mun á skáldsögum og fræðiefni og viti hvar gögnin eru geymd í safninu
- kunni að leita í léttum orðabókum
- geti fundið lykilorð í einföldum texta og endursagt aðalatriði
- læri á útlánakerfi safnsins
- geti raðað einföldum fæðutegundum í fæðuhring
- viti hvaðan matvælin koma sem unnið er með
- geti bragðað, lýst og snert þau matvæli sem unnið er með
- læri að brytja ávexti með hníf

Námsgögn

Ýmsar þjóðsögur og ævintýri úr heimabyggð, myndasögur, hlutverkaleikir, brúðuleikhús, ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Náttúrufræði

(sem ekki er flokkuð inn í önnur þemaverkefni)

Markmið

Að nemendur

- geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum (sáning fræja)
- geti flokkað dýr eftir því hvað þau éta (plöntuætur, dýraætur)
- ræði um hvernig umhverfi lífvera og mismunandi lífsskilyrði geta mótað einkenni þeirra (votlendi, skógar)



Námsgögn

Komdu og skoðuðu land og þjóð, ítarefni af bókasafni og námsvef, vettvangsferðir og ýmis verkefni og viðfangsefni búin til og unnin af nemendum og kennurum.

Námsmat

Símat á vinnu og virkni nemenda í námi og starfi.

Kristin fræði og trúarbragðafræði

Kennslutími

Nemendur fara í lotu einu sinni í viku, í þessari lotu rúmast bæði trúarbragðafræði og lífsleikni.



Markmið

Nemandi

- kynnist hugtakinu trú og hvað trúarbrögð geta haft mikil áhrif á líf manna
- að nemendur geri sér grein fyrir að í heiminum eru nokkur trúarbrögð og menn hafi rétt til að stunda sín trúarbrögð
- kynnist heitum og táknum annarra trúarbragða eins og gyðingdómi, íslam og búddatrú
- nemendur kynnist nokkrum táknum kristinnar trúar og merkingu þeirra
- nemendur átti sig á guðdómi kristinnar trúar, þ.e. þrenningunni, faðir, sonur, heilagur andi
- nemendur þekki rit kristinna manna, þ.e. Biblíuna
- kynnist völdum frásögum úr Gamla testamentinu í einfaldaðri mynd
- viti hvað aðventa merkir og þekki atburði jólaguðspjalls Lúkasar
- kynnist frásögum úr lífi Jesú sem sagt er frá í Nýja testamentinu
- kynnist frásögum af dauða og upprisu Jesú
- heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni og þekki heiti þeirra
- fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og samskiptum og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og bakmælgj

Námsgögn

Regnboginn, ljósritað efni frá kennara. Ýmis einstaklings og hópverkefni unnin af nemendum.

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem beina kennslu, vinnublaðakennsla, spurnaraðferðir, samræðuaðferðir, utanbókarnám, hópverkefni, verklegar æfingar sem reyna á sköpun og tjáning.

Námsmat

Símat á vinnu og virkni nemenda í námi og starfi.

Lífsleikni

Kennslutími

Nemendur fara í lotu einu sinni í viku, í þessari lotu rúmast bæði trúarbragðafræði og lífsleikni. Einnig verður kennd lífsleikni í kjarna þar sem farið verður í uppbyggingarstefnuna. Unnið verður út frá hugmyndafræði Diane Gossen um Uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu Sunnuhvols: <http://sunnuhvoll.com/>



Markmið – Vinir Zippýs

Námsþáttur 1 - tilfinningar

- að gera börnin færari um að þekkja neikvæðar tilfinningar og finna góðar leiðir til þess að takast á við slíkar tilfinningar

Námsþáttur 2 - tjáning og boðskipti

- að börnin öðlist leikni í að tjá tilfinningar sínar og að þau verði færari um að greina á milli þeirra tjáningarleiða sem duga vel og hinna sem duga illa

Námsþáttur 3 - Að mynda vináttutengsl og slíta þeim

- að stuðla að aukinni hæfni barna til að mynda vináttutengsl og að ráða við höfnun og einmanaleik

Námsþáttur 4 - Að leysa ágreiningsmál

- að bæta hæfni barna við að leysa ágreiningsmál

Námsþáttur 5 - Að takast á við breytingar og missi

- að auka skilning barnanna á því að í daglegu lífi getum við búist við breytingum og orðið fyrir því að missa eitthvað eða einhvern sem er okkur kær

Námsþáttur 6 - Við spjörum okkur

- að efla færni barnanna til þess að nota margvíslegar leiðir til þess að ráða fram úr ýmsum vandamálum sem þau standa frammi fyrir

Markmið – Uppeldi til ábyrgðar

Nemandi

- þjálfist í að stjórna eigin hegðun
- taki ábyrgð á eigin hegðun
- þekki tilfinningar sínar og geti tjáð sig um þær
- læri að skilja eigin tilfinningar og líðan
- beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- auki færni sína í samvinnu og samkennd

Námsgögn

Námsefnið Vinir Zippýs, nánar um námsefnið má finna á vinirzippys.is Ýmis verkefni tengd Uppbyggingarstefnunni

Kennsluhættir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, áhersla er lögð á hópa- og einstaklingsvinnu og umræður. Hlustun, umræður eftir hvern sögubút, hlutverkaleikir, leikræn tjáning, samræðuaðferðir, leikir.

Námsmat

Vinna og virkni nemenda.

Dans og hreyfing

Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



Meginmarkmið

Að nemandi

- öðlist félagslegt öryggi, efla líkamsvitund sína og sjálfstraust til að hreyfa sig við tónlist
- tileinki sér grunnatriði hreyfileistar
- öðlist ákveðna grunnfærni fyrir dansþjálfun
- geti unnið í hóp og tekið tillit til annarra
- þjálfí gróf- og fínhreyfingar líkamans

Markmið

Að nemandi

- viðhaldi ákveðnum umgengnisreglum í sal/rými
- taki þátt í hópeflis- og hreyfileikjum
- átti sig á þyngdarpunkt líkamans og kynnist mismunandi stöðum líkamans
- framkvæmi mismunandi grunnhreyfingar
- fái tilfinningu fyrir grunnhoppum og sporum og kynnist mismunandi átaki hreyfinga
- skynji mismunandi tónfall og framkvæmi við það mismunandi hreyfingar
- samhæfi hreyfingar sínar og geti sett saman hreyfingar við tónlist
- verði meðvitaður um mismunandi grunnhreyfingar, hopp og spor
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tál, fram og aftur
- framkvæmi og öðlist færni í samsettum sporum
- kynnist notkun hreyfileikja á skólalóð
- hafi fengið þjálfun í fínhreyfingum

Námsþættir

Hreyfisöngvar, hreyfileikir, hreyfing við tónlist, líkamsæfingar, rytmik- og sporþjálfun, dansar ýmissa dansgreina og slökun.

Kennsluaðferðir:

Verkleg kennsla, einstaklings- og hópvinna.

Námsmat

Leiðsagnarmat framkvæmt í nóvember, febrúar og júní

Heimilisfræði

Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



Markmið

Nemandi

- kynnist því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir
- læri að raða algengum morgunverðartegundum í fæðuhring
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar
- kynnist einföldum áhöldum
- þekki dl mál, msk og tsk
- geri sér grein fyrir því að hnífar og önnur eggjárn geta verið hættuleg
- læri að lesa myndrænar uppskriftir
- hjálpi til við frágang
- læri nöfn algengra fæðutegunda
- bragði matvælin sem unnið er með
- geti þvegið sér rétt um hendur
- fái fyrstu kynni af því hvernig bæta má umhverfið
- læri orð og hugtök sem tengjast viðfangsefnum
- geti deilt með öðrum
- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari
- þjálfist í verklegri vinnu
- þjálfist almenna borðsiði
- læri að bera virðingu fyrir heimili og umhverfi

Námsgögn

Heimilisfræði fyrir byrjendur, verkefnablöð og kennslumyndbönd.

Kennsluhættir

Kennsla er að mestu leyti verkleg en bókleg eftir því sem við á hverju sinni.

Námsmat

Umsögn er gefin tvisvar á skólaárinu þar sem framkoma, færni og vinnusemi nemandans er metin.

Hönnun og smíði

Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



Markmið

Nemandi

- öðlist þekkingu til að búa til nytjahluti með listrænum áherslum
- geti teiknað hugmynd sína að smíðahlut í tvívídd
- þekki verksvæði
- geri sér grein fyrir samhengi efnis, forms og notagildi hluta
- þekki algengustu byggingarefni í umhverfi sínu
- átti sig á samhengi orku, jafnvægis og ójafnvægis og hreyfingar, t.d. óróa
- hafi náð valdi á að beita einföldum verkfærum smíðastofunnar á réttan hátt
- geti búið til líkan eftir hugmyndum sínum í auðunnin efni, t.d. pappír og karton
- geti yfirborðsmeðhöndlað efni með vatnsleysanlegum efnum
- sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnusvæði út frá öryggissjónarmiði
- geti sett verkefni smíðastofunnar í samhengi við hlutverk verkgreina í daglegu lífi
- sýni vinnu annarra virðingu
- geti farið eftir fyrirmælum

Námsgögn

Verkefni frá kennara og fagrit.

Kennsluhættir

Munnleg fyrirmæli frá kennara yfir allan hópinn og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Áhersla lögð á starfsgleði og vinnusemi.

Námsmat

Umsögn er gefin tvisvar á skólaárinu þar sem eftirtalin atriði eru metin: Hönnun, vinnusemi, starfsgleði, færni og hegðun.

Myndmennt

Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



Markmið

Nemandi

- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni, verkfæri og tækni
- þekki hugtakið grunnform og geti beitt þeim í myndgerð
- þekki frumlitina og geri einfaldar litablöndur
- þekki og vinni með mismunandi myndgerðir m.t.t. tækni t.d. málverk, teikningu, þrykk o.fl.
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum
- þekki mismunandi myndir í umhverfi sínu, hlutverk þeirra og gerð; t.d. skýringarmyndir, auglýsingar, myndskreytingar o.fl.
- lýsi myndverki og skoðun sinni á því
- geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Námsgögn

Ýmis verkefni frá kennara og efni af vef.

Kennsluhættir

Innlögn, þar sem kennari útskýrir fyrir hópnum verkefni dagsins, einstaklingskennsla, umræður og hópvinna.

Námsmat

Umsögn gefin tvisvar á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun.

Textíl

Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



Markmið

Nemandi

- þjálfist í að klippa
- þjálfist í að nota flatt form
- þræði grófa nál
- saumi þræðispor
- þjálfist í auðveldum vefnaði
- fái innsýn í hvernig textílverk verður til á einfaldan hátt
- taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt og fallegt

Námsgögn

Ýmsar handverksbækur og verkefni frá kennara.

Kennsluhættir

Áhersla er lögð á umgengni, samvinnu, virkni og framkomu í kennslustofunni. Verkefni eru lögð fyrir allan hópinn og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Umræður og hópavinna eru lögð til grundvallar einstökum verkefnum.

Námsmat

Lagt verður mat á vinnu nemenda tvisvar á skólaárinu og gefin umsögn. Eftirtalin atriði verða lögð til grundvallar: Hegðun, umgengni og vinnusemi.

Skólaíþróttir

Kennslutími

Tvær kennslustundir á viku.



Markmið

Meginmarkmið með íþróttum og hreyfinámi í yngri bekkjum grunnskóla er fyrst og fremst að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt, auka félagslegan þroska og hreyfifærni nemenda og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Auk þessa er lögð áhersla á að auka færni, þrek og þol nemenda ýmist með æfingum eða leikjum. Einnig er kennt um gildi hollra lífshátta s.s. mataræðis, svefnnvenja, hreinlætis, hreyfingar o.fl. Enn fremur skal stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Námsgögn

Aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

Kennsluaðferðir

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í u.þ.b. 50% smáleiki á mótum öðrum íþróttagreinum s.s. bolta-, leikfimi- og fimleikaæfingum. Aðallega er um verklega kennslu í sal að ræða eða úti þegar það á við. Kennari kemur með innlöggn í upphafi tíma, útskýrir verkefni, gengur síðan á milli og leiðbeinir og hvetur.

Námsmat

Notuð eru stöðluð próf sem hæfa þessum aldurshópi. Gefið er fyrir með umsögnum. Í 2. bekk eru gerðar aðeins meiri kröfur til barnanna en í 1. bekk en prófað í sömu atriðum og niðurstöður úr prófunum hafðar til hliðsjónar við mat á færni nemenda.

- sippa (20 sinnum í röð)
- handstöðu við vegg (standa á höndum upp við vegg eða hafa hendur í gólfi og þrila með fótum upp rimla þannig að handstöðu sé náð)
- höfuðstöðu (farið í krabbastöðu sem er undanfari höfuðstöðu og staðið á höfði við vegg)
- kaðlaklifur (klifrað upp í ákveðna hæð)
- kasta og grípa (geta gripið og kastað bolta)
- knattrak (geta rakið körfubolta milli keilna)

Gefnar eru eftirfarandi umsagnir fyrir virkni, hegðun og færni í tímum:

Vinnur mjög vel	Vinnur vel	Vinnur sæmilega	Nýtir tímann ekki vel
Hegðun mjög góð	Hegðun góð	Hegðun sæmileg	Hegðun ábótavant
Færni mjög góð	Færni góð	Þarfnast almennar hreyfipjálfunar	

Brýnt er að foreldrar/forráðamenn barna sendi smá orðsendingu á miða til íþróttakennara ef lasleiki eða annað hrjáir barnið og það er óskað eftir að það sleppi þátttöku í íþróttatímanum. Ef veikindi eru langvinn og leita þarf til læknis vinsamlega biðjið þá um vottorð.

Skólasund

Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



Markmið

Nemandinn nái að aðlagast vatninu og sé óhræddur við að fara með höfuð í kaf og opna augun. Einnig að það nái að uppfylla þau getumarkmið sem 2. sundstigið segir til um en þau eru

- marglyttuflot, með því að rétta úr sér í vatninu
- spyrnu frá bakka og renna með andlit í kafi a.m.k. 2,5 m
- hoppi af bakka í grunna laug
- 10 m bringusund, með eða án hjálpartækja
- 10 m skólabaksundsfótatök, með eða án hjálpartækja
- 8 m skriðsunds fótatök (armar teygðir fram) með eða án hjálpartækja

Nemandinn efli styrk og þol með æfingum þar sem vatnið veitir mótstöðu gegn hreyfingunum.

Efla nemandann sem félagsveru, kenna honum að taka tillit til félaga sinna, vera sveigjanlegur í samskiptum og virða einstaklinginn.

Stefna að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrir-mælum.

Að auka þekkingu og skilning nemenda á umhirðu líkamans fyrir og eftir sundiðkun.

Nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt.

Námsgögn

Stuðst er við eftirfarandi bækur: Skólasund (Kennarahandbók), Námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1. – 10. bekk og Aðalnámskrá Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

Kennsluaðferðir

Í 2. bekk er megin áhersla lögð á aðlögun barna að vatninu með sundæfingum ásamt leikrænum æfingum í bland. Til hliðsjónar er haft að börnin fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Ýmsar æfingar sem efla líkamsþol, kraft, hraða og viðbragð.

Námsmat

Kannað er hvort nemandinn nær þeim markmiðum sem 2. sundstigi segir til um (sjá hér að ofan). Gefið er fyrir með umsögninni: 2. sundstigi lokið / 2. sundstigi ólokið.